



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Nánari upplýsingar um gestanám eru veittar hjá nemendaskrá og á skrifstofum fræðasviða.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nemendaskrá á Háskólatorgi veitir allar nánari upplýsingar. Einnig er hægt að fá upplýsingar á deildarskrifstofum og skrifstofum fræðasviða.



HÓLASKÓLI – HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Nánari upplýsingar um gestanám eru veittar á kennslusviði.



LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Nánari upplýsingar um gestanám eru veittar á kennslusviði.

PPRÁKTBYGGA • SÍA • 130491

NÝ TÆKIFÆRI FYRIR NEMENDUR OPINBERU HÁSKÓLANNA



Opínberu háskólarnir eru:

Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands.



UMSÓKNARFERLI

Nemandi í grunn- eða meistaranámi við einn hinna opinberu háskóla getur tekið val- eða skyldunámskeið við annan opinberan háskóla, svo fremi að báðir skólar veiti samþykki sitt fyrir því.

Miðað er við að nemendur í grunnnámi hafi lokið einu ári við heimaskólann áður en þeir verða gestanemendur.

Gestaskólinn leggur hvorki viðbótargjöld á nemendur sem nýta sér þennan möguleika né setur hámark á fjölda eininga sem ljúka má með þessum hætti.

Skráning í námskeið við gestaskóla fylgir almennum skráningartímabilum við heimaskóla en skal þó aldrei eiga sér stað síðar en 15. ágúst fyrir haustmíssi og 15. desember fyrir vormíssi.



NÁNARI UPPLÝSINGAR

Nemendur sem hyggjast nýta sér samninginn þurfa að hafa samband við deildarskrifstofu sína eða kennsluvið heimaskólans til að tryggja að námskeiðin sem þeir hyggjast taka við gestaskóla nýtist til þeirrar prófgráðu sem þeir stefna að.

Mögulegt er að heimaskólinn setji takmarkanir á námskeið eða fjölda eininga sem lokið er við gestaskóla og því er mikilvægt að hafa gott samráð við heimaskóla.

UMMÆLI NEMENDA



„Samstarf milli ríkisháskólanna opnar ýmsa möguleika sem munu nýtast stúdentum vel. Námskeið við aðra ríkisháskóla gefa stúdentum tækifæri til að sækja námskeið sem ekki eru í boði við heimaskólann og þetta eykur val stúdenta.“

Leifur Guðni Grétarsson,
nemi í líftækni við Háskólann á Akureyri



„Mér þætti gaman að fá að kynnst kennaranáminu í Háskólanum á Akureyri. Þar eru eflaust öðruvísi áherslur og aðrir kennsluhættir. Þetta er góð þróun í þá átt að háskólar landsins vinni meira saman.“

Kristjana Björk Traustadóttir, nemi í
grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands



„Að stunda nám við lítinn og persónulegan háskóla eru viss forréttindi. Aukin fjölbreytni í námi með samstarfi við stærri háskóla opnar marga möguleika og það eru spennandi tímar fram undan.“

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, nemi í viðburðastjórnun við Hólaskóla – Háskólann á Hólum



„Samstarf opinberu háskólanna eykur fjölbreytni í námsframboði og það gerði mér kleift að halda áfram námi við Lbh í kjölfar þess að ég útskrifaðist með BS-gráðu í náttúrufræðum vorið 2010.“

Anna Berg Samúelsdóttir, nemi
við Landbúnaðarháskóla Íslands

